



HRUNAMANNAHREPPUR

21. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 13. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 15. DESEMBER 2011
KL. 16.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2011, þann 15. desember kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 16.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 2 mál, erindi frá Björgunarfélaginu Eyvindi vegna gatnagerðargjalda og landskiptagjörð vegna Skyggnis. Hreppsnefnd samþykkir að leggja þessi erindi fram.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Fjárhagsáætlun 2012. (Seinni umræða)
2. Þriggja ára fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps. (Seinni umræða)
3. Aðalskipulag: Birtingaholt.
4. Landgræðsla ríkisins: Samstarfssamningur.
5. Sveitamennt: Verksamningur við Hrunamannahrepp.
6. Drög að samningi við Golfklúbbinn Flúðir vegna unglिंगastarfs.
7. Búnaðarfélag Uppsveita Árnessýslu: Styrkbeiðni frá undirbúningshópi fyrir heiðurssamsæti.
8. Héraðssambandið Skarphéðinn. Styrkbeiðni.
9. Heilbrigðisstofnun Suðurlands: Endurskipulagning heilbrigðisþjónustu.
10. Fannborg ehf: Fyrirspurn vegna fjallaskála.
11. Næsti fundur hreppsnefndar.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

12. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 7. fundar frá 8. ágúst s.l.
13. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 8. fundar frá 29. ágúst s.l.

Kynningarmál:

- a. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Skerðing jöfnunarframlags tekjuhárna sveitarfélaga.
- b. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Framlag vegna sérþarfa fatlaðra barna 2012.
- c. Félag Tónlistarkennara. Ályktun gegn niðurskurði í tónlistarskólum.
- d. Reiðhöllin Flúðum ehf: Ársreikningur 2010.
- e. Héraðsskjalasafn Árnesinga: Ákvæði um skjalavörslu og skil skjala í þjónustusamningum sveitarfélaga við félag.
- f. Skagafjörður: Bókun vegna tillagna frá starfshópi sjávarútvegsráðuneytisins.
- g. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Umsagnir um gjaldskrár.
- h. Ungmennafélag Íslands: Samþykktar tillögur frá 47. sambandsþingi Ungmennafélagsins.
- i. Fundargerð samstarfsnefndar SFR stéttarfélags í almannþjónustu og Sambands íslenskra sveitarfélaga: 4. fundur 5. desember s.l.
- j. Varasjóður húsnæðismála: Framlag sveitarfélags.
- k. Lánasjóður sveitarfélaga: Breytingar á vaxtakjörum útlána af eigin fé.

Skýrslur á skrifstofu:

- l. Kynjasamþætting og jafnréttisáætlanir: Jöfnum leikinn.

Gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Fjárhagsáætlun 2012. Seinni umræða.
Lagt var fram minnisblað um breytingar á fjárhagsáætlun 2012 milli 1. og 2. umræðu. Sveitarstjóri fór yfir þessar breytingar sem snerta bæði tekju- og gjaldalið fjárhagsáætlunarinnar en leiða til þess að niðurstaða

fjárhagsáætlunarinnar er nær óbreytt frá 1. umræðu en fjárfesting eykst lítilllega. Helstu niðurstöðutölur verða því þessar:

Rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um kr. 14.300.000.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um kr. 14.505.000.

Veltufé frá rekstri kr. 68.540.000.

Heildareignir A. hluta kr. 844.579.000.

Heildareignir A og B. hluta kr. 936.574.000.

Heildarskuldir og skuldbindingar A hluti kr. 385.855.000.

Heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta kr. 643.312.000.

Eigið fé A hluta kr. 458.724.000.

Eigið fé A og B hluta kr. 293.262.000.

Skuldahlutfall 95% af heildartekjum.

Gert er ráð fyrir fjárfestingum í eignasjóði að fjárhæð kr. 12,0 millj. í áætluninni en ekki er gert ráð fyrir lántökum. Vísað er að öðru leyti til framlagðra gagna og samþykkt frá 20. fundi hreppsnefndar frá 1. desember s.l. og framlagðs minnisblaðs um breytingar á fjárhagsáætlun. Hreppsnefnd samþykkir þær breytingar sem hafa verið gerðar milli umræðna og fjárhagsáætlunina samhljóða.

2. Þriggja ára fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps. Seinni umræða.

Sveitarstjóri fór yfir þriggja ára áætlun Hrunamannahrepps en ekki hafa orðið breytingar á henni milli umræðna en farið var yfir helstu forsendur hennar á síðasta fundi hreppsnefndar þann 1. desember s.l. Vísað er til framlagðra gagna en þar er m.a. gert ráð fyrir svipuðum rekstri og fjárfestingum og í fjárhagsáætlun 2012. Hreppsnefnd samþykkir áætlunina samhljóða.

3. Aðalskipulag: Birtingaholt.

Lögð fram að lokinni kynningu lýsing skipulagsverkefnis skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna aðalskipulagsbreytingar á landi Birtingaholts 5. Samkvæmt lýsingu er fyrirhugað að breyta u.þ.b. 5 ha svæði sem liggur upp að landamörkum við Sóleyjarbakka og þjóðvegi úr landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði. Fyrirhugað er að nýta svæðið fyrir vinnslu á lífrænum úrgangi og annarri starfsemi því tengdu. Lýsingin var send Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands til umsagnar auk þess sem hún var send til kynningar aðliggjandi hagsmunaaðilum. Nú liggur fyrir umsögn Skipulagsstofnunar auk þriggja athugasemda. Hreppsnefnd samþykkir að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar hreppsnefndar og felur sveitarstjóra að hafa samband við hagsmunaaðila. Ragnar víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

4. Landgræðsla ríkisins: Samstarfssamningur.

Oddviti kynnti drög að samstarfssamningi við Landgræðsluna um tilraunaverkefni til 3ja ára með nýtingu á seyru til landgræðslu. Hreppsnefnd samþykkir að senda drögin til umfjöllunar Umhverfisnefndar og Landbúnaðarnefndar. Óskað er eftir álit Landgræðslufélags Hrunamanna.

5. Sveitamennt: Verksamningur við Hrunamannahrepp.

Oddviti kynnti drög að samningi við Sveitamennt um endurskoðum á starfslýsingum, verklýsingum og upp færslu á símenntunaráætlun vegna ákveðinna starfa fyrir Hrunamannahrepp. Hreppsnefnd samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

6. Drög að samningi við Golfklúbbinn Flúðir vegna unglingsstarfs.

Oddviti kynnti drög að samstafssamningi við Golfklúbb Flúða vegna unglingsstarfs. Hreppsnefnd samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann. Unnsteinn víkur sæti við afgreiðslu málsins.

7. Búnaðarfélag Uppsveita Árnassýslu: Styrkbeiðni frá undirbúningshópi fyrir heiðurssamsæti.

Oddviti kynnti erindi frá Búnaðarfélagunum í Uppsveitum um stuðning við heiðurssamsæti í tilefni starfsloka Gunnlaugs Skúlasonar dýralæknis. Hreppsnefnd samþykkir að veita umbeðinn styrk að fjárhæð kr. 50.000.

8. Héraðssambandið Skarphéðinn. Styrkbeiðni.

Oddviti kynnti beiðni HSK um beiðni um fjárframlag á hvern íbúa sveitarfélagsins. Hrunamannahreppur getur ekki orðið við beiðninni og vísar til þess að sveitarfélagið er að styrkja HSK í gegnum Héraðsnefnd Árneseinga.

9. **Heilbrigðisstofnun Suðurlands: Endurskipulagning heilbrigðisþjónustu.**
Oddviti kynnti yfirlit framkvæmdastjórnar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands um endurskipulagningu á heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi. Hreppsnefnd mótmælir harðlega að fjárframlög verði skert fjórða árið í röð til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands eins og er gert ráð fyrir í fjárlögum. Þessi niðurskurður hefur veruleg áhrif á heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi og rýrir öryggi íbúanna á óásættanlegan hátt. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps skorar á stjórnvöld að tryggja örugga heilbrigðisþjónustu eins og mögulegt er og hætta að skera niður fjárframlög til málaflokksins.
10. **Fannborg ehf: Fyrirspurn vegna fjallaskála.**
Oddviti kynnti fyrirspurn frá Fannborg um byggingarleyfi fyrir gistiskála við Grákoll og þróun gönguleiðar í kringum Kerlingarfjöll. Hreppsnefnd vísar málinu til Landbúnaðarnefndar.
11. **Næsti fundur hreppsnefndar.**
Hreppsnefnd samþykkir að næsti fundur hreppsnefndar verði fimmtudaginn 12. janúar kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

12. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 7. fundar frá 8. ágúst s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar landbúnaðarnefndar frá 8. ágúst s.l. Farið var yfir fjallskil og raðað í leitir og farið yfir tilhögun heiðarsmölunar.
13. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 8. fundar frá 29. ágúst s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar landbúnaðarnefndar frá 29. ágúst s.l. Farið var yfir fjallskil og leitarskipan.

Önnur mál:

14. **Björgunarfélagið Eyvindur: Gatnagerðargjöld.**
Lagt fram erindi frá Björgunarfélaginu Eyvindi þar sem farið er fram á að Hrunamannahreppur styrki félagið sem nemi álögðum gatnagerðargjöldum vegna Sneiðarinnar. Hrunamannahreppur samþykkir að veita umbeðinn styrk en felur jafnframt sveitarstjóra að ganga til samninga við félagið um vinnu fyrir sveitarfélagið upp í styrkfjárhæðina. Halldóra víkur sæti við afgreiðslu málsins.
15. **Landskiptagerð vegna Skyggnis.**
Lögð er fram beiðni um heimild til þess að skipta út úr jörðinni Skyggni einni lóð undir íbúðarhús. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind landskipti og felur sveitarstjóra að undirrita landskiptagerðina.

Kynningarmál:

- a. **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Skerðing jöfnunarframlags tekjuhárna sveitarfélaga.** Lagt fram til kynningar.
- b. **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Framlag vegna sérparfa fatlaðra barna 2012.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Félag Tónlistarkennara. Ályktun gegn niðurskurði í tónlistarskólum.** Lagt fram til kynningar.
- d. **Reiðhöllin Flúðum ehf: Ársreikningur 2010.** Lagt fram til kynningar.
- e. **Héraðsskjalasafn Árnesinga: Ákvæði um skjalavörslu og skil skjala í þjónustusamningum sveitarfélaga við félög.** Lagt fram til kynningar.
- f. **Skagafjörður: Bókun vegna tillagna frá starfshópi sjávarútvegsráðuneytisins.** Lagt fram til kynningar.
- g. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Umsagnir um gjaldskrár.** Lagt fram til kynningar.
- h. **Ungmennafélag Íslands: Samþykktar tillögur frá 47. sambandsþingi Ungmennafélagsins.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Fundargerð samstarfsnefndar SFR stéttarfélags í almannþjónustu og Sambands íslenskra sveitarfélaga: 4. fundur 5. desember s.l.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Varasjóður húsnæðismála: Framlag sveitarfélags.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Lánasjóður sveitarfélaga: Breytingar á vaxtakjörum útlána af eigin fé.** Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- I. **Kynjasambætting og jafnréttisáætlanir: Jöfnum leikinn.** Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.17:20.